

# KEILUSKURÐUR OG MEÐGANGA

---

Ef kona hefur farið í keiluskurð á leghálsi og ekki fætt fullburða barn eftir það, ætti að öllu jöfnu að bjóða henni símaviðtal hjá ráðgefandi fæðinga- og kvensjúkdómalækni/lækni fyrir 16. viku. Ef konan hefur fætt fullburða barn (37v) eftir keiluskurðinn þarf hún ekki að fá þennan tíma hjá fæðingalækni. Sama gildir ef hún hefur verið hjá fæðinga- og kvensjúkdómalækni á stofu í byrjun meðgöngu og afstaða hefur þá verið tekin til hugsanlegs eftirlits á meðgöngu.

Ekki hefur verið sýnt fram á að einn venjulegur keiluskurður auki hættuna á fyrirburafæðingu í síðari meðgöngu.

Ástæða er til sérstaks eftirlits eftirlits ef:

- óvenjustór keiluskurður
- tvítekin keiluskurður
- fyrri fyrirburafæðing
- núverandi tvíburameðganga

Þá er mælt með því að mæla legháls með ómun frá 16 vikna meðgöngu og vera vakandi fyrir blæðingu frá leggöngum og merkjum um leggangasýkingu.

Ef kona er barnshafandi og fær boð um speglun og sýnatöku er mælt með ráðgjöf hjá [Samhæfingarstöð krabbameinsskimana](#)